

## SVS og Varðberg:

## Fundur um varnakerfi í geimnum og afvopnunarmál

DR. CHRISTOPH Bertram, stjórnáráðgjafi vikublaðsins „Die Zeit“ í Hamburg, er staddur hér á landi um þessar mundir á vegum Samtaka um vestræna samvinnu (SVS).

Laugardaginn 18. maí flytur hann erindi og svarar fyrirspurnum á fundi, sem SVS og Varðberg gangast fyrir í hádeginu í Atthagasal Hótel Sögu. Erindið, sem flutt verður á ensku, nefnist Varnakerfi í geimnum, afvopnun og samstarf Vesturlanda. Fundarsalur verður opnaður kl. tólf og er fundurinn

opinn félagsmönnum í SVS og Varðbergi.

Dr. Christoph Bertram er fæddur í Kiel árið 1937. Eftir nám í lögfræði og stjórnmálafræðum við háskólana í Berlín, París og Bonn, stundaði hann lögfræðistörf og var síðan starfsmaður Aætlanadeildar vestur-þýzka varnarmálaráðuneytisins. Á árunum 1967 til 1982 vann hann við Alþjóðlegu herfræðistofnunina (International Institute for Strategic Studies) í Lundúnum, aðstoðarfrankvæmdastjóri frá 1969 og aðalfrankvæmdastjóri frá 1974. Árið 1982 varð hann stjórnáráðgjafi við „Die Zeit“.

Meðal rita sem hann hefur samið eða ritstýrt má nefna Mutual Balanced Force Reductions in Europe, London 1972; Arms Control and Technological Change — Elements of a New Approach, London 1978; Prospects of Soviet Power, London 1980; The Future of Strategic Deterrence, London 1981; Third World Conflict and International Security, London 1982; America's Security in the 1980's, London 1982.

(Fréttatilkynning.)



Christoph Bertram

## Eftirspurn eftir lóðum er nú dræm

„Eftirspurn eftir lóðum er dræm um þessar mundir, en lóðir eru til reiðu í Grafarvogi og Selási.“ sagði Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri borgarverkfræðings í samtali við Mbl. Á síðastliðnu ári var 356 einbýlishúsalóðum úthlutað í Reykjavík, 173 raðhúsalóðum og fram í miðjan ágúst hafði 215 íbúðum í fjölbýlishúsum verið úthlutað.

Árið 1983 var 133 einbýlishúsalóðum og 63 raðhúsalóðum úthlutað, auk 481 íbúð í fjölbýlishúsum. Árið 1982 var 170 einbýlishúsalóðum, 78 raðhúsalóðum og 70 íbúðum í fjölbýlishúsum úthlutað og 1981 var 41 einbýlishúsalóð, 126 raðhúsalóðum og 420 íbúðum í fjölbýlishúsum úthlutað.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Ljóðskáld fyrir framan lónó, hluti þeirra sem lesa upp 18. maí, talin frá vinstri: Nína Björk Árnadóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir, Þóra Jónsdóttir, Elísabet Þorgeirsdóttir, Þorsteinn frá Hamri, Einar Ólafsson, Vilborg Dagbjartsdóttir, Matthías Johannessen, Sigurður Pálsson, Þór Eldon, Sigfús Bjartmarsson, Þorri Jóhannsson, Einar Bragi, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Jóhannar og Dagur Sigurðarson.

## Dagur ljóðsins á laugardag

LAUGARDAGINN 18. maí nk. gengst Rithöfundasamband Íslands fyrir Degi ljóðsins til að vekja sérstaka athygli á ljóðinu sem listformi. Á Degi ljóðsins verða haldnir opinberir upplestrar í Reykjavík og á Akureyri. Ennfremur munu nokkur skáld fara á stúfana og heimsækja Landspítalann, Hrafnistu og Kleppspítalann með ljóðalestri. Í tilefni af Degi ljóðsins hefur verið haft samband við bókaværslanir og bókasöfn og óskað eftir því að þeir aðilar kynni ljóðabækur sérstaklega vikunnar á undan og eftir Degi ljóðsins.

Í Reykjavík verður upplestur í lónó og hefst hann kl. 14. Eftirtalin skáld munu lesa þar: Einar Bragi, Einar Ólafsson, Jóhann Hjálmarsson, Ingibjörg Haraldsdóttir, Matthías Johannessen, Nína Björk Árnadóttir, Sigfús Bjartmarsson, Sigurður Pálsson, Steinunn Sigurðardóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorsteinn frá Hamri, Þór Eldon og Þórarinn Eldjárn.


Á Akureyri verður upplestur í kjallara Sjallans og hefst hann kl. 17. Þar munu eftirtalin skáld lesa ljóð sín: Bragi Sigurjónsson, Brynjólfur Ingvason, Einar Kristjánsson, Eiríkur Stefánsson, Guðlaugur Arason, Guðmundur Frimann, Kristján frá Djúpalek, Kristján Pétur Sigurðsson, Kristján Arngrímsson, Jón Laxdal, Martin Næs, Nick Carigía, Ólaf Sigríður Valsdóttir,

ir, Sigurður Ingólfsson, Skafti Helgason og Sigurður Pálsson.

Eftirtalin skáld munu skipta sér niður á Landspítala, Hrafnistu og Kleppspítala: Dagur, Elísabet Þorgeirsdóttir, Gylfi Gröndal, Jón frá Pálmholti, Kristín Bjarnadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Þorri Jóhannsson, Þóra Jónsdóttir og Þórarinn Eldjárn.

Þriggja manna nefnd skipuð af stjórn Rithöfundasambandsins sá um undirbúning og valdi þau skáld sem að þessu sinni munu lesa upp á Degi ljóðsins. Stefnt er að því að gera Dag ljóðsins að árvissum atburði.

(Frétt frá Rithöfundasambandi Íslands.)



## Glerdreki Leifs í kaffistofu Kjarvalsstaða

Reykjavíkurborg hefur fest kaup á hinu mikla glerverki Leifs Breiðfjörð sem nú er á sýningunni „Norrænt gler“ á Kjarvalsstöðum. Verkið heitir „Glerdreki“ og hefur því verið komið fyrir í fundarsal hússins meðal sýningunni stendur til þess að gefa sýningargestum kost á því að skoða það í návígi, að sögn Þóru Kristjánsdóttur listráðu-

nautar Kjarvalsstaða. Að sýningunni lokinni verður drekanum komið fyrir í kaffistofu hússins þar sem hátt er til lofts og líkur á að verk sem er svo stórt í sniðum njóti sín mjög vel.

Þóra sagði að fyrir nokkrum árum hefði Leifur Breiðfjörð verið einn þeirra listamanna sem mynduðu svonefndan kjarna í sýningu á vegum Félags

íslenzka myndlistarmanna. Þar hafi hann sýnt verk sem Reykjavíkurborg hefði falast eftir en þegar til átti að taka var það verk selt. Var þá brugðið á það ráð að óska eftir því við listamanninn að hann gerði verk sérstaklega fyrir Kjarvalsstaði og nú er „Glerdrekin“ fullskapaður og mun eftirleidis gleðja augu gesta hússins.

## 29 kvikmyndir á Kvikmyndahátíð

Hátíðin opnuð með barnamynd eftir sögu Astrid Lindgren, sem verður viðstödd opnunina

KVIKMYNDAHÁTÍÐ í Reykjavík, sú 7. í röðinni, verður opnuð á laug-

ardag kl. 14.00 í Austurbæjarbíói, þar sem hún verður haldin fram til 28. maí. Borgarstjóri, Davíð Oddsson, setur hátíðina, en sú nýbreytni verður að þessu sinni, að Kvikmyndahátíð mun veita viðurkenningu til aðila sem þykir skara framúr í kvikmyndagerð. Opnunarmyndin verður síðan barnamyndin „Ronja ræningjadóttir“ sem Tage Danielsson leikstýrði eftir samnefndri sögu Astrid Lindgren, en hún kemur hingað til lands í dag og verður viðstödd opnunina.

Lindgren mun einnig, ásamt leikstjóranum, verða í Norræna húsinu á sunnudag kl. 16.30, þar sem þau lesa upp úr verkum hennar. Einnig les Guðmundur Ólafsson leikari upp úr „Bróðir minn Ljónshjarta“, Heimir Pálsson úr „Elsku Mía minn“ og fleira verður gert til skemmtunar og ekki síst til heiðurs hinum ástsæla barnabókahöfundu.

Ronja ræningjadóttir er ein þriggja barnakvikmynda á Kvikmyndahátíð nú, en alls eru myndirnar 29 talsins. Verða þær sýndar ýmist einu sinni eða allt að tíu sinnum í einhverjum þriggja sala Austurbæjarbíós, fyrir utan tvær

sem verða sýndar í Norræna húsinu og í Menningarstofnun Bandaríkjanna. Tímasett dagskrá hátíðarinnar hefur verið gefin út og liggur hún frammi í kvikmyndahúsum, ýmsum verslunum og viðar. Þá eru sýningarnar auglýstar í blöðum.

Auk Astrid Lindgren og Tage Danielsson verða gestir Kvikmyndahátíðar að þessu sinni þýski leikstjórinn Hart Bohm, fransk leikstjórinn J.L. Godard og Gerald Pearly, bandarískur doktor í fjölmiðla- og kvikmyndafræðum. Hann mun flytja fyrirlestur í Menningarstofnun Bandaríkjanna 20. maí kl. 20.30.

Formaður undirbúningsnefndar Kvikmyndahátíðar er Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður sem jafnframt er formaður framkvæmdastjórnar Listahátíðar. Auk hans eru í undirbúningsnefndinni kvikmyndagerðarmennirnir Kristín Jóhannesdóttir, Sigurður Sverrir Pálsson og Friðrik Þór Friðriksson og Birgir Sigurðsson rithöfundur. Í Framkvæmdastjórn Listahátíðar eiga síðan sæti, auk Hrafn, Kristínar og Birgis, þeir Kristinn Hallsson óperusöngvari og Stefán Baldursson leikhússtjóri. Framkvæmdastjóri hátíðarinnar er Salvör Nordal.



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

Aðstandendur kvikmyndahátíðar og Listahátíðar. F.v.: Friðrik Þór Friðriksson, Birgir Sigurðsson, Hrafn Gunnlaugsson, Kristín Jóhannesdóttir, Salvör Nordal, Stefán Baldursson og Kristinn Hallsson. Í þeirra hópi er ennfremur Sigurður Sverrir Pálsson.